

Vegna: Áformuð lagasetning um vandaða starfshætti í vísindum.
Þátttaka í samráðsferli.

Reykjavík, 31. janúar 2019

Það er býsna flókið mál að tryggja góða vísindalega starfshætti og að siðferðileg viðmið í vísindum séu í heiðri höfð. Það sem býr til mest af flækjunni er sú staðreynd að það er engin skilgreining til á góðum vísindalegum starfsháttum og ekki líklegt að hún sé innan seilingar né eru menn sammála um siðferðileg viðmið í vísindum. Þess utan er líklegt að hvort tveggja, starfshættirnir og viðmiðin breytist hratt með tímanum. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ef fastmótaðar skoðanir á því hvað séu góðir vísindalegir starfshættir yrðu notaðar til þess að sníða vísindum stakk gæti það hamlað framgangi vísindanna. Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið vísindanna er alltaf að sækja nýja þekkingu og hún sem slík er aldrei hættuleg og alltaf af hinu góða. Þess ber þó að gæta, vendilega, að einginn sé meiddur við öflun þekkingarinnar. Það eru hins vegar til þær gjörðir vísindamanna sem myndu teljast frávik frá hvaða skilgreiningu og viðmiði sem er eins og uppspuni og falsanir.

Það sem vantar á Íslandi er skilgreining á ferli og tækjum sem væru notuð ef grunur vaknar um misferli í vísindum (uppspuni, falsanir og því um líkt). Eitt tækja sem mætti nota hér er nefnd sem færi yfir slíkan grun og skæri úr um það hvort hann sé á rökum reistur. Best væri að slík nefnd samanstæði að mestu af fulltrúum íslenska vísindasamfélagsins vegna þess að það á allt undir í slíkum málum. Það er engin þörf á sérstakri þekkingu á siðfræði í þessum tilfellum vegna þess að annað hvort er um að ræða uppspuna og falsanir og því um líkt eða ekki. Það er aldrei um að ræða siðferðileg álitamál í þessum tilfellum. Siðferðilegu álitamálin koma


oftast upp í tengslum við veitingar á leyfum til þess að vinna ákveðnar rannsóknir og þá oftast þær sem eru unnar á mönnum eða upplýsingum um menn.

Það er aldeilis fráleitt að halda því fram eins og gert er í skjali forsætisráðuneytisins (dags. 4. desember – merkt „áform um lagasetningu“) að það væri eðlilegt að skilgreina starfssvið slíkrar nefndar sem svo að hún eigi að hafa eftirlit með vísindamönnum og stofnunum þar sem vísindi eru stunduð. Það er enginn möguleiki á því að koma saman nefnd sem hefði þá breidd og dýpt í skilningi á vísindum að það gæti talist eðlilegt. Hvernig ætti nefndin að framkvæma slíkt eftirlit, er líka spurning sem er næsta ómögulegt að svara. Þar með er líka ópraktískt að ætlast til þess að nefndin eigi frumkvæði í einstökum málum þótt nefndarmenn gætu svo sannarlega vísað málum til nefndarinnar eins og aðrir Íslendingar.

Við viljum líka leggja áherslu á að í hugmyndirnar skortir viðurkenningu á því að ef Íslendingar vilja leggja að mörkum til vísinda verða þeir að lúta þeim kröfum sem gerðar eru í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi sem er ekki líklegt til þess að taka mið af þeim hugmyndum sem við myndum setja saman um góða vísindalega starfshætti og siðfræðileg viðmið. Þessar kröfur alþjóðlega samfélagsins eru tjáðar með því hvernig handrit að vísindagreinum eru ritrýndar og birtar eða ekki birtar, í tímaritum af alls konar gæðum. Við verðum hins vegar að hafa vel skilgreinda ferla og tæki til þess að taka á því ef grunur vaknar um misferli eins og uppspuna og falsanir. Lög um þetta ættu að vera sem einföldust og rúma þá staðreynd að vísindin miðast við að komast að því sem við vitum ekki og leiðin að vitneskjunni er með öllu óvörðuð.

Við óskum eftir að hafa aðkomu að málinu við frekari vinnslu og að lögð verði áhersla á að í vinnu þeirri verði aðkoma sem flestra þeirra sem stunda vísindi frekar en embættismanna.

Virðingarfyllst,



Kári Stefánsson, forstjóri